

Nr. 3.
15.
maí.

Opið brjef

er

kunngjörir ríkistöku Christians konungs hins Tíunda.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Faðir Vor ástkær, *Frederik konungur hinn Áttundi* var í gær snögglega kallaður heim til feðra sinna, og höfum Vjer síðan tekið konungdóm samkvæmt ríkiserfðalögunum.

Er Vjer þannig tökumst á hendur þessa háleitu og ábyrgðarmiklu köllun, er hinn almáttugi hefur kjörið Oss til, er það Vor fasta fyrirætlun að halda óbifanlega við stjórnarskipun og lög ríkis Vora og láta alla þjóð Vora njóta rjettar og rjettlætis.

Ef þjóðin vill bera til Vor hið sama traust og kærleik, er hún auðsýndi hinum látna konungi í svo ríkulegum mæli, þá höfum Vjer von um, að náð guðs og blessun muni fylgja Oss í starfi Voru.

Það er vilji Vor, að öll opinber störf haldi óhindrað áfram, og að embættismenn þeir, er faðir Vor ástkær hefur skipað, haldi áfram að gegna embættistörfum sínum samkvæmt eíði þeim, er þeir hafa unnið.

Gefið á Amalíuborg, 15. maí 1912.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Klaus Berntsen.

Aabent Brev,

hvorved

Kong Christian den Tiendes Tronbestigelse kundgøres.

Vi Christian den Tiende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Vor højtelskede Fader, Kong **Frederik den Ottende**, er i Gaar ved en pludselig Død, kaldt hjem til sine Fædre, og have Vi derefter i Overensstemmelse med Tronfølgeoven bestegit Tronen.

Idet Vi saaledes overtage det høje og ansvarsfulde Kald, hvortil den Almægtige har udset Os, er det Vor faste Beslutning urokkelig at holde Vort Riges Forfatning og Love og at yde Ret og Retfærdighed til hele Vort Folk.

Naar Folket vil slutte sig til Os med samme Tillid og Kærlighed, som det i saa rigt Maal skænkede den afdøde Konge, da tør Vi haabe paa, at Guds Naade og Velsignelse vil følge Os i Vor Gerning.

Det er Vor Villie, at alle offentlige Forretninger skulle have deres ustandsede Gang, og at de af Vor højtelskede Fader udnævnte Embedsmænd skulle vedblive i deres Bestillinger under den af dem affagte Ed.

Givet paa Amalienborg, den 15. Maj 1912.

Under Vor kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Klaus Berntsen.

Nr. 3.
15.
Maj.